



Stúdentafélag

Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla 2016 - 2017

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Student Association of Reykjavík University

Háskólinn í Reykjavík | University of Reykjavík

Menntavegur 1, 101 Reykjavík

www.sfhr.is

studentafelag@studentafelag.is

kt. 540305-0800

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Ávarp formanns	5
Hlutverk Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.....	6
Stjórn SFHR starfsárið 2016-2017.....	7
Áherslur	8
Framkvæmdastjórn SFHR 2016-2017	11
Ráð og stjórnir	12
Framkvæmdastjórn HR.....	12
Háskólaráð HR	12
Námsráð	12
Byggingafélag námsmanna (BN).....	12
Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)	13
Stjórn LÍN	14
Háskólagarðar	14
Studentabraggi	15
Nefndir	16
Alþjóðanefnd	16
Árshátíðarnefnd	16
Birta	17
Góðgerðanefnd	17
Hróður	17
Jafnréttisfélag	18
Lagabreytinganefnd.....	18
Málfundafélag.....	19
Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd	19
Viðburðarnefnd	19
Viðburðir.....	21
Árshátíð HR	21
Ferð með erlendu nemendum skólans	21
Fjölskyldudagur SFHR.....	21
Forsetaframboðsfundur	22
Góðgerðarvika	22
Jafnréttisdagar	22
Jólaball	23
Landsþing LÍS	23
Nýnemadagar	24
Ólympíuleikar HR	24
Samgönguvika	24
Stjórnastefnumótanir.....	25
Útilega HR.....	25
Styrktaraðilar.....	26
Dominos.....	26
Heimkaup	26
Íslandsbanki	26
LÍN þjónustusamningur	26

Síminn & GOMobile	26
Samfélagsmiðlar	27
Facebook	27
Heimasíða	27
Snapchat	27
Tölvupóstur	27
Twitter	27
Önnur verkefni og áskoranir	29
Alþingiskosningar	29
Aukið framlag	29
Forsetakosningar	30
Háskólar í hættu	30
Lagabreytingar	31
LÍN frumvarp	32
Sýn nýrrar kynslóðar	34
Hugmyndakassi	34
BÍSN	35
Doktorsnemar	35
Viðurkenning á Diploma skjöl	35
Mat á gæðum kennslu - tilraunaverkefni	37
Gæðaúttektir Gæðaráðs íslenskra háskóla og nýtt gæðakerfi HR	37
Endurskoðun námsreglna	38
Birting próftöflu	38
Starfsnám	38
Prófnúmer í allar deildir	38
Hagsmuna- og gæðaráð í öllum deildum og fulltrúi nemenda á deildarfundum	38
Kjallari	39
Frakklandsferð	39
Kosningar og kjörstjórn	41

Inngangur

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í mars 2016 til eins árs. Stjórnina skipuðu Rebekka Rún, formaður, Skúli Þór, varaformaður, Kristinn, gjaldkeri, Erna, hagsmunafulltrúi og Íris Björk, upplýsingafulltrúi. Hópurinn bauð sig fram saman í listakosningum.

Í þessari ársskýrslu er gert grein fyrir helstu störfum og verkefnum SFHR starfsárið 2016 – 2017 en skýrslan er ekki tæmandi.

Fyrir hönd Stúdentafélagsins vil ég þakka kærlega fyrir okkur, við lögðum okkur öll fram í það að gæta hagsmuna stúdenta við Háskólann í Reykjavík. Við lögðum mikið upp úr því að vera sýnileg bæði innan veggja skólans og utan þeirra og hvetja nemendur til þess að láta heyra meira í sér, og vonum að næstu stjórnir muni leggja áherslu á hið sama. Auk þess vil ég óska Stúdentafélaginu og nemendum skólans áframhaldandi vexti í félags- og hagsmunamálum bæði innan Háskólans í Reykjavík og utan.



Rebekka Rún Jóhannesdóttir
Formaður SFHR 2016 – 2017

Ávarp formanns

Með hverjum deginum sem líður átta ég mig betur og betur á því hvað við höfum það gott hérna í Háskólanum í Reykjavík. Það er ekki bara aðstaðan, samfélagið sem myndast innan veggja skólans og síbrosandi stelpurnar í afgreiðslunni, heldur líka hvað rödd nemandans hefur mikið vægi. Það eru fáir skólar í heiminum sem eru jafn framarlega og HR hvað þetta varðar, en það þýðir samt alls ekki að við séum komin á einhverja endastöð. Sama hversu vel hlutir eru gerðir, þá er alltaf hægt að gera betur, en það er í höndum okkar nemenda að krefjast stöðugt bættra kjara og gæta hagsmuna núverandi og komandi nemenda HR.



Við í stjórn Stúdentafélagsins vorum meira en tilbúin í þetta verkefni þegar við buðum okkur fram á síðasta ári, enda öll búin að vinna í öðrum félagsstörfum innan skólans og því meðvituð um hvað betur mætti fara. Verkefnin sem við fengum á borðið á okkar starfsári voru hins vegar mun fjölbreyttari en við höfðum ímyndað okkur.

Það umfangsmesta var vissulega öll sú vinna sem átti sér stað í kringum LÍN frumvarpið. Þá fóru allir háskólar á landinu í sameiginlega átakið „Háskólar í hættu” til að vekja athygli á undirfjármögnun háskóla á Íslandi. Auk þess fór ég í fjöldann allan af viðtölum vegna bæði Alþingis- og forsetakosninganna, en fjölmiðlar hafa fært það mjög í aukana að tala við SFHR varðandi ýmis málefni, sem er mjög stórt skref fram á við.

Þá var einnig sett mikið þúður í áframhaldandi undirbúningsvinnu á Háskólagörðunum, en framkvæmdir á fyrsta svæðinu hefjast núna í haust. Á Háskólagörðunum verða í boði um 300 íbúðir einungis fyrir nemendur og starfsfólk HR. Á sama tíma er Byggingarfélag námsmanna að fara að byggja 300 stúdentabúðir á næstu árum svo framboð á íbúðum fyrir okkur í HR mun aukast til muna.

Svo má alls ekki gleyma Stúdentabragganum og nýsköpunarsetrinu sem er verið að byggja í Nauthólsvíkinni, en það mætti halda að helsta hagsmunamál HR-inga væri að hafa möguleikann á því að fá sér bjór í hádeginu, enda er það lang algengasta ábendingin sem við höfum fengið. En við þurfum ekki að bíða mikið lengur, þegar næsta skólaönn byrjar þá verður hægt að fá sér bjór öll hádegi (ef allt fer að óskum). Auk veitingastaðar mun þar opna frumkvöðla- og nýsköpunarsetur fyrir nemendur HR og sprotafyrirtæki sem tengjast á einhvern hátt kennslu- og rannsóknarstarfsemi háskólans.

Þrátt fyrir öll þessu stóru verkefni þá er mikilvægasta baráttan alltaf sú að við fáum sem mest út úr náminu okkar hér í HR og að virði gráðunnar sem við hljótum muni aldrei dvína. Því er mikilvægt að hætta aldrei að berjast fyrir hagsmunum okkar, stórum sem smáum.

Hlutverk Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, auka einingu meðal félagsmanna og stuðla að upplýstri akademískri umræðu meðal félagsmanna. Allir þeir er stunda nám við Háskólann í Reykjavík njóta aðildar að félaginu. SFHR er tengiliður milli nemanda og stjórnenda skólans og vinnur stjórnin mikið með flestum stoðsviðum skólans. Stúdentafélagið veitir skólanum stöðugt aðhald og ráðgjöf hvað varðar gæði kennslu, aðstöðu nemenda og er rödd nemenda í flestum ráðum og stjórnnum skólans.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð fimm nemendum í grunnnámi eða meistaranámi við Háskólann í Reykjavík. Formaður stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd SFHR í samskiptum við aðila innan sem utan Háskólans í Reykjavík. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Formaður situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr fundi Háskólaráðs. Varaformaður ritar fundargerðir stjórnarfunda, er formaður alþjóðanefndar SFHR og er því tengiliður stjórnar við erlenda nemendur sem stunda nám við skólann sem og Alþjóðaskrifstofu skólans. Þar að auki sér varaformaður um helstu samskipti við framkvæmdastjórn Stúdentafélagsins, nefndir Stúdentafélagsins og fulltrúa félagsins í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárráðum félagsins og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Hann vinnur með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um LÍN og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við LÍN hvert ár. Hagsmunafulltrúinn ber ábyrgð á endurskoðun laga SFHR. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náið með upplýsingafulltrúum nemendafélaganna til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru níu talsins og situr formaður hvers félags í framkvæmdastjórn SFHR. Þannig er tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafi áhrif á stefnu og verkefni SFHR.

Stúdentafélagið er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í M205. SFHR heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is, Facebook like-síðu undir nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og svarar auk þess fyrirspurnir sem berast á netfang félagsins studentafelag@studentafelag.is. Nemendur eru hvattir til þess að hafa samband við SFHR ef þeir telja að stjórn Stúdentafélagsins geti á einhvern hátt aðstoðað þá.

Stjórn SFHR starfsárið 2016-2017

Formaður

Rebekka Rún Jóhannesdóttir
rebekkarj14@ru.is
844-8717



Varaformaður

Skúli Þór Árnason
skuli14@ru.is
863-0891



Gjaldkeri

Kristinn Guðmundsson
kristinng14@ru.is
844-1512



Hagsmunafulltrúi

Erna Sigurðardóttir
ernas13@ru.is
659-6543



Upplýsingafulltrúi

Íris Björk Snorradóttir
iriss14@ru.is
899-6684



Áherslur

Í kosningabaráttunni tók hópurinn sérstaklega fram áhuga á að taka þátt í að byggja upp Háskólann í Reykjavík enn frekar. Hópurinn benti á að til þess að það takist sem best, þurfi að virkja nemendur og fá þá til þess að tjá sig enn frekar um námið en ekki síst að senda inn ábendingar, bæði um það sem vel er gert og eins það sem má bæta úr, því það sem skólinn veit ekki af getur hann ekki bætt úr. Stúdentafélagið lagði hart að sér að bæta gæði námsins enn frekar bæði með því að hafa frumkvæði að ýmsum málum auk þess að nýta tækifærið og tjá sig þegar leitað var til SFHR við ákvarðanatöku.

Eitt helsta markmið stjórnar Stúdentafélagsins 2016-2017 var að vera sýnileg bæði innan skólans og utan og eru flestir sammála um að það markmið hafi tekist mjög vel. Nemendur og stjórnendur skólans leituðu meira til SFHR en nokkru sinni fyrr auk þess sem fjölmiðlar höfðu margoft samband við Stúdentafélagið varðandi ýmis málefni. SFHR notaði ýmsar leiðir til þess að ná til nemanda, t.d. með hugmyndakassa í Sólinni, með LÍN ráðgjöfinni, með því að gefa lítil nafnspjöld með helstu upplýsingum, kynna nýnemum félagið vel á nýnemadögum, bjóða upp á kaffi og súkkulaði reglulega í Sólinni, gefa nemendum nestispoka og ís frá Valdís svo nokkur dæmi séu tekin. Þá vann SFHR ótal verkefni í samstarfi við skólastjórnendur, stjórnarmeðlimir sátu í fjölda nefnda og ráða auk þess að það var tryggt að rödd nemenda væri í nær öllum ákvarðanatökum innan skólans. Fyrir utan vikulega framkvæmdarstjórnarfundi sem formaður mætti á og reglulega fundi námsráðs sem hagsmunafulltrúi mætti á, þá hitti stjórnin rektor nokkrum sinnum á árinu til þess að ræða ýmis mál, auk þess sem formaður og hagsmunafulltrúi voru í góðum samskiptum við kennslusvið, markaðsdeild og önnur stoðsvið. Þar að auki einbeitti stjórnin sér mikið að því að vera sýnileg á flestum samfélagsmiðlum.

Annað helsta markmiðið þetta starfsárið var að samræma hagsmunaráð innan skólans og var það eitt af verkefnum sem Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR, sá um með hjálp Rebekku Rúnar, formanns SFHR. Með því að samræma verklag í hagsmunaráðum allra deilda og tryggja það að allir formenn nemendafélaganna sætu deildarfundi er stuðlað að upplýsingaflæði milli nemenda og stjórnenda auk þess að tryggja gæði í kennslu. Síðar í skýrslunni er gert betur grein fyrir þessu verkefni.

Stuttu eftir að stjórnin hóf störf fór SFHR á fund með Alþjóðaskrifstofunni og nokkrum stjórnendum skólans í þeim tilgangi að ræða aðkomu erlendra nemenda í hagsmuna- og félagslíf skólans. Tilgangur fundarins var eingöngu að ræða málin og spjalla við fulltrúa ESN og sjá hvort og þá hvernig hægt væri að hafa aðkomu þeirra að SFHR, en eftir fundinn ákvað Stúdentafélagið að hafa þetta eitt af sínum helstu áherslum starfsársins enda er Háskólinn í Reykjavík að vaxa ört sem alþjóðlegur skóli. Farið var í umtalsverðar aðgerðir; stofnuð var Alþjóðanefnd sem er skipuð bæði skiptinemum og nemendum sem eru í fullu námi við skólann. Til að tryggja áframhaldandi starfsemi nefndarinnar var ákvæði þess efnis sett í lög SFHR auk þess sem störf varaformanns breyttust og leggja nú áherslu á að hann sjái um erlendu nemendur skólans. Allt útgefið efni var þýtt yfir á ensku t.d. póstar og tilkynningar frá félaginu, Hróður hásskólablaðið og Íris Björk, upplýsingafulltrúi SFHR, þýddi heimasíðu félagsins yfir á ensku,

haldin var sérstök hópeflis ferð fyrir erlendu nemendurna auk þess sem skólinn ákvað að auka framlag sitt til SFHR og er sú upphæð eingöngu ætluð Alþjóðanefndinni.

SFHR hefur tækifæri til þess að hafa áhrif í háskólasamfélaginu en til þess þarf öflugt innra starf og góða samvinnu á milli nemendafélaganna sem eru aðildarfélög SFHR. Því telur Stúdentafélagið mikilvægt að auka einingu meðal allra sem koma að félagsstörfum og veita nemendum þannig tækifæri á að skapa öflugt tengslanet. Til þess að auka samheldni milli stjórna og nefnda innan HR var stofnaður Facebook hópur undir nafninu Stjórnir HR 2016-2017 líkt og gert hefur verið síðustu ár. Þar gátu nemendur miðlað ábendingum og skilaboðum til annarra stúdenta í félagsstörfum. Þá var einnig útbúið sameiginlegt dagatal á Google Drive til þess að draga úr árekstrum viðburða og vera með góða yfirsýn yfir þá viðburði sem væru framundan í skólanum. Þá sá Stúdentafélagið og Viðburðarnefnd SFHR einnig fyrir fjórum stjórnastefnumótunum sem ætlaðar voru fyrir alla stjórnar- og nefndarmeðlimi í HR.

Þá ákvað Stúdentafélagið að halda áframhaldandi vinnu fyrri stjórnar SFHR að efla undirfélög og nefndir SFHR. Rebekka Rún, formaður SFHR, og Skúli Þór, varaformaður, sáu að mestu um ut anumhald nefndanna, en þó sá Erna, hagsmunafulltrúi, um lagabreytinganefnd SFHR. Umsóknir í flestar nefndirnar fóru fram haustið 2016 og sáu meðlimir Stúdentafélagsins um viðtöl og val á fólki í nefndirnar, með utanaðkomandi hjálp þegar við átti. Gert er grein fyrir hverri og einni nefnd og starfsemi þeirra síðar í skýrslunni.

Stjórn félagsins frá 2015-2016 hafði beitt sér fyrir því að HR gæfi þeim stúdentum sem sinnt hafa vinnu í félagsstörfum einhvers konar formlegri viðurkenningu en almennt hefði tíðkast. Þá útbjó Rebekka Rún, formaður SFHR, staðlaðan texta sem kemur fram á Diploma skjölum þeirra útskrifaðra nemenda sem hafa sinnt formennsku nemendafélaga eða verið í stjórn Stúdentafélagsins. Þar að auki ræddi stjórn Stúdentafélagsins við Ara, rektor skólans, um aukið framlag til félagsins og hærri endurgreiðslu til stjórnarmanna. Þá setti Rebekka Rún, ásamt stjórn SFHR, fram tillögu er varðaði framlag og endurgreiðslu og var hún samþykkt í lok mars af skrifstofu rektors.

Gæðamál er hagsmunamál allra stúdenta og var stjórn SFHR svo lánsöm að hafa Ernu, hagsmunafulltrúa SFHR, með sér í liði því það eru fáir nemendur sem brenna jafn mikið fyrir gæðamálum háskóla eins og hún. Erna sat í námsráði og í stýrihóp um gæðamál kennslu en í hópnum var unnið að nýju mati á gæðum kennslu og voru t.d. gerðar úrbætur á kennslumatinu. Í námsráði voru t.d. umræður um gæðaúttektir Gæðaráðs íslenskra háskóla og nýtt gæðakerfi HR sem unnið er að, um prófnúmer í deildum, rafræn skil á lokaverkefnum og vinna er hafin við endurskoðun á almennum náms- og námsmatsreglum.

Annað stórt hagsmunamál stúdenta í HR er aðgengileg félagsaðstaða og stúdentabúðir. Því fór mikið þúður í áframhaldandi vinnu sem tengjast bæði Stúdentabragganum sem verið er að byggja auk Háskólagarðanna, en stjórnin tók t.a.m. þátt í ákvörðunartöku er varða innanhúsarkitekta Háskólagarðanna og val á rekstraraðilum í veitingaraðstöðu Braggans.

Þá lagði stjórn Stúdentafélagsins einnig mikla áherslu á að vera virk í Landssamtökum íslenskra stúdenta og bæta upplýsingaflæði milli þeirra sem sátu í framkvæmdastjórn LÍS á vegum SFHR, en Stúdentafélagið á tvo fulltrúa í framkvæmdastjórninni auk þess sem Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi, sat í Gæðanefnd LÍS. Þá var einnig sett í lög SFHR að sá fulltrúi Stúdentafélagsins sem sæti í Námsráði ætti einnig að sitja í gæðanefnd LÍS, þar sem sú tenging reyndist stjórninni mjög vel.

Þá var stjórnin vel meðvituð um starfsemi stjórnar LÍN og stofnunarinnar almennt, enda er eitt mikilvægasta hagsmunamál allra stúdenta að hafa aðgengi að sanngjörnum lánasjóði. Stúdentafélagið bauð upp á svokallaða LÍN-ráðgjöf fyrir nemendur samkvæmt þjónustusamningi LÍN og SFHR og aðstoðaði nemendur við ýmis mál er tengdust lánasjóðinum. Þá var einnig tryggt að hafa sterka rödd í umræðunni um frumvarpið og það var umtalað hvað umsögn SFHR hafi verið framúrskarandi. Þar að auki er hafin vinna við að endurvekja félagið BÍSN í þeim tilgangi að leyfa fleiri háskólum á landinu að hafa rödd og tengingu inn í stjórn LÍN, en það er BÍSN sem sér um að skipa fulltrúa í stjórn LÍN. Síðustu ár hefur það alfarið verið í höndum SFHR að skipa fulltrúa í stjórn LÍN og þar með áttu HR-ingar loksins rödd á þessum mikilvæga vettvangi sem stjórn LÍN er.

Fyrri stjórn Stúdentafélagsins skilaði félaginu af sér í meiri hagnaði en áður og ákvað stjórn SFHR að skila hagnaði síðastliðins árs beint til nemenda Háskólans í Reykjavík. Kjallari hússins var endurnýjaður auk þess sem SFHR bauð oft upp á ýmis matvæli og drykki. Farið er betur í fjárhag félagsins í ársreikningi.

Framkvæmdastjórn SFHR 2016-2017

Framkvæmdastjórn SFHR starfsárið 2016-2017 skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Rebekka Rún Jóhannesdóttir, formaður SFHR
- Skúli Þór Árnason, varaformaður SFHR
- Kristinn Guðmundsson, gjaldkeri SFHR
- Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR
- Íris Björk Snorradóttir, upplýsingafulltrúi SFHR
- Vilhjálmur Rúnarsson, formaður Atlas
- Erna Leifsdóttir, formaður Lögréttu
- Viktor Þór Grönfeldt Steinþórsson, formaður Markaðsráðs
- Salka Sigurðardóttir, formaður Mentos
- Emil Robert Smith, formaður Pragma
- Jóhanna María Svövdóttir, formaður Tvíundar
- Davíð Örn Jóhannesson, fulltrúi Meistaraverks
- Þórunn Hrönn Þórsdóttir, fulltrúi Opes
- Liv Vg, fulltrúi Opes
- Bára Sif Ómarsdóttir, fulltrúi Hugins

Formaður SFHR, Rebekka Rún, stjórnaði fundum Framkvæmdastjórnar SFHR og sá til þess að upplýsa nemendafélögin um öll þau málefni sem áttu við alla nemendur skólans. Þá var þeim kynnt helstu verkefni SFHR og hjálp fengin ef þess þurfti. Auk þess voru skipulagðir sameiginlegir viðburðir á vegum nemendafélaganna ásamt fleiru tilfallandi sem varðaði allar deildir skólans. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Framkvæmdastjórnar SFHR fram á lokaðri Facebook síðu.

Þegar nokkuð var liðið á skólaárið var ákveðið að fá fulltrúa þeirra nýstofnuðu nemendafélaga, sem eru ætluð mastersnemum, í Framkvæmdastjórnina. Þeim var bætt í Facebook síðu stjórnarinnar en mættu því miður aldrei á skipulagða fundi, en það mun vonandi breytast á komandi árum og þátttaka þeirra í Framkvæmdastjórn eflast.

Ráð og stjórnir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsinga-tæknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr formaður SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð Framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans. Dæmi um þau mál sem hafa komið á borð stjórnar síðastliðið ár eru skólagjöld allra námsbrauta skólans, stefnur margra deilda innan skólans, húsnæðismál, öryggisgæsla, nýtt kennslukerfi, matsnefndir í stöðu prófessora, ráðstafanir styrkja, niðurstöður þjónustukannana og fulltrúi nemenda í Háskólaráði svo fátt eitt sé nefnt. Rebekka Rún Jóhannesdóttir, formaður SFHR, sat í Framkvæmdastjórn HR starfsárið sem er að líða.

Háskólaráð HR

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Formaður SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans. Rebekka Rún, formaður SFHR, sat í ráðinu fyrir starfsárið sem er að líða. Á starfsárinu sem var að líða sá Stúdentafélagið um verkefnið „Sýn nýrrar kynslóðar” og kynnti ráðinu niðurstöður þess.

Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda og fulltrúi nemenda, sem var að þessu sinni Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR, en formaður ráðsins sem skipaður er af rektor og ritari ráðsins var frá Kennslusviði. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótast kennslustefnu HR og fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti. Námsráð rýnir jafnframt og endurskoðar eftir þörfum reglur háskólans um nám og kennslu.

Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentabúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn. Annar hver formaður SFHR situr í stjórn félagsins, því hver og einn fulltrúi situr í tvö ár. Því situr Rebekka Rún, formaður SFHR, í stjórninni til

tveggja ára. Árið 2016-2017 var hún almennur stjórnarmeðlimur og næsta starfsár verður hún varamaður stjórnar BN.

Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍŠ, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Andri Ingason og Kristín Sólveig Kormáksdóttir. Varamenn voru þær Elísabet Erlendsdóttir, fyrrverandi formaður SFHR, og Íris Björk Snorradóttir, upplýsinga-fulltrúi SFHR. Til að tryggja upplýsingaflæði milli fulltrúa SFHR í framkvæmdastjórn LÍŠ og stjórnarmeðlima SFHR var stofnaður sameiginlegur Facebook hópur þar sem rætt var saman um málefni samtakanna, dagskráliði funda og margt fleira sem tengdist verkefnum LÍŠ.

Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífisamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlendis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í sameiginlegu umboði allra aðildarfélaga farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum.

Haldin voru tvenn vinnuþing á líðandi starfsári LÍŠ. Sumarþingið var haldið dagana 23.-24. júlí, Nýársþingið var haldið á Hvanneyri dagana 21.-22. janúar og sá Landbúnaðarháskóli Íslands um skipulagninu þess. Þá var Landsþing LÍŠ haldið á Akureyri, helgina 17.-19. mars en SFHA sá um skipulagninu þess.

Jafnréttisnefnd LÍŠ tók að sér spennandi verkefni að koma á fót gagnagrunni á internetinu um réttindi og úrræði stúdenta innan Háskóla Íslands með fatlanir og sértæka námsörðugleika. Sá vefur eru uppi í dag undir nafninu Réttinda-Ronja. Jafnréttisnefndin sér til þess að Réttinda-Ronja hljóti viðbætur svo að hún nýtist öllum stúdentum sem glíma við fatlanir af einhverju tagi sem og sértæka námsörðugleika á Íslandi. Gagnagrunnur sem þessi á sér enga hliðstæðu hér á landi en hann mun leiða til töluverðra umbóta á aðgengi stúdenta að upplýsingum um réttindi sín og úrræði.

Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR, sat í Gæðanefnd LÍŠ en Gæðastjórinn var Sunna Mjöll. Einnig sátu í nefndinni Bologna-sérfræðingar LÍŠ sem skipaðir voru fyrr á árinu. Dæmi um verkefni sem nefndin vann að fyrir utan formlega fundarsetu í öðrum nefndum, má nefna umsög um Gæðahandbók íslenskra háskóla sem gefin var út af Rannís. Einnig héldu meðlimir nefndarinnar erindi á ráðstefnu með yfirskriftinni „QEF from a student's point of view“. Nefndin vann með ýmsum samstarfsaðilum; Rannís, MRN, meðlimir í Fagháskólaverkefninu, Gæðaráð íslenskra háskóla, Gæðastjórar háskólanna og Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs. Þar að auki var þema landsþingsins í ár „Hvers virði er mín menntun? – Efling stúdenta í gæðamálum“ og

tók gæðanefndin mikinn þátt í undirbúningi þingsins. Í kjölfar þingsins mun nefndin einnig vinna stefnu LÍS í gæðamálum ásamt framkvæmdastjórn LÍS og Rannís.

Þann 7.-9. apríl heldur LÍS Nordic Organizational Meeting (NOM) hér í Reykjavík. Síðasti fundur var haldinn september 2016 í Helsinki. NOM er samráðs vettvangur fyrir landssamtök á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum. Hagsmunir þessara samtaka liggja oftar en ekki saman og því eru þessir fundir notaðir til að stilla saman strengi þegar kemur að stjórnarfundum, en á þeim eru mikilvægar kosningar um framtíð ESU og menntamála í Evrópu.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum samakanna.

Stjórn LÍN

Formaður, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis og fulltrúar námsmannahreyfinganna SÍNE, SHÍ, BÍSN og SÍF skipta stjórn LÍN til 2017. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og einn fulltrúa ráðuneytisins. Þá skipar fjármála- og efnahagsráðuneytið einn fulltrúa. Halldór H. Gröndal situr í stjórninni fyrir hönd BÍSN. Halldór er með meistaragraðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, hann gegndi starfi gjaldkera Lögréttu, félag laganema í HR, skólaárið 2012-2013 og sat einnig í stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík sem hagsmunafulltrúi SFHR stjórnartímabilið 2013-2014.

Sumarið 2016 setti mennta- og menningarmálaráðuneytið fram frumvarp um töluverðar breytingar á lögum er varða Lánasjóð íslenskra námsmanna og verður greint frekar frá því síðar í þessari skýrslu.

Háskólagarðar

Áætlað er að reisa rúmlega 300 stúdentabúðir á svæðinu við rætur Öskjuhlíðar, austan megin við Nauthólsveg. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að byggja 112 íbúðir og er stefnt að því að jarðvinnuframkvæmdir hefjist sumarið 2017. Þessar íbúðir verða í eigu sjálfseignarstofnunar sem HR hefur stofnað og verða eingöngu í boði fyrir nemendur og starfsmenn HR. Þetta verður mikilvægur valkostur til viðbótar við þær 470 íbúðir í eigu BN og þær 300 sem þeir ætla að byggja á næstu árum.

SFHR tók þátt í þarfagreiningu varðandi stærðir íbúða og í vali arkitekta út frá verðkönnun og hugmyndasamkeppni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fyrsta áfanga taki um tvö ár og að uppbygging alls svæðisins ljúki á 4-5 árum. Á svæðinu verður einnig þjónustukjarni með dagvöruverslun og margvíslegri annarri verslunarþjónustu og afþreyingu fyrir nemendur auk leikskóla.

Stúdentabraggi

Rebekka Rún, formaður SFHR, og Skúli Þór, varaformaður, sátu í vinnuhópi fyrir Stúdentabraggan og Nýsköpunarsetur HR ásamt Emil Robert Smith, formanni Pragma nemendafélags tækni- og verkfræðinema við HR, Ómari Þresti Hjaltasyni og Sindra Björnssyni. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum á ári með Þorkatli, framkvæmdastjóra Grunnstoða ehf, arkitektum, rekstraraðilum og stjórnendum skólans í þeim tilgangi að sjónarmið nemenda kæmu skýrt fram.

Við gerð þessarar skýrslu voru framkvæmdir á Stúdentabragganum í fullum gangi, en þar verður félagsaðstaða nemenda við HR, veitingaþjónusta og frumkvöðla- og nýsköpunarsetur. Bragginn er staddur við baðströnd Nauthólsvíkur og er húsnæðið í heild um 450 fermetrar. Stefnt er að framkvæmdum ljúki sumarið 2017 og að starfsemi í húsinu hefjist að fullu haustið 2017. Húsnæðið er hluti af stríðsminjasögu Reykjavíkur og var reist af Bretum í seinni heimstyrjöldinni.

Frumkvöðla og nýsköpunarsetrið verður í skemmunni við hliðina á bragganum með aðstöðu fyrir allt að 40 nemendur HR og sprotafyrirtæki sem tengjast kennslu- og rannsóknarstarfsemi skólans. Þar að auki verður fundar- og fyrirlestraraðstaða fyrir 30 manns sem gæti nýst fyrir fundi og minni veislur.

Nefndir

Alþjóðanefnd

Í lögum SFHR er nýtt ákvæði þar sem fram kemur að stofna þurfi alþjóðanefnd hvert skólaár og varaformaður SFHR hefur yfirumsjón með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að gæta hagsmuna erlendra nemenda við HR og vera tengiliður erlendra nemenda við SFHR og þar af leiðandi við stjórnendur skólans. Einnig á nefndin að sjá um að skipuleggja viðburði og ferðir fyrir erlenda nemendur og HR-buddies á vegum alþjóðaskrifstofunnar, tryggja að allir viðburðir skólans séu aðgengilegir fyrir erlenda nemendur auk þess að koma með umbætur á samskiptum HR og íslenskra nemenda við erlendu nemendurna.

Auk varaformanns SFHR sitja í nefndinni tveir íslenskir nemendur við HR, tveir erlendir nemendur í fullu námi við HR og einn skiptinemi, þ.e. einn skiptinemi hverja önn. Nefndin fundar a.m.k. einu sinni á önn með forstöðumanni Alþjóðaskrifstofu HR, helst í upphafi annar. Ákvæðið var sett inn í lög í febrúar sl. og þá var búin til bráðabyrgðanefnd og er því ekki skipað í hana nákvæmlega eins og greint er hér frá.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Skúli Þór Árnason, varformaður SFHR
- Liv Dening
- Sara Sabrina Zemljic
- Nicholas Mark Randall
- Frederic Kendzia

Árshátíðarnefnd

Árshátíðarnefnd SFHR sér um að skipuleggja stærsta viðburð skólaársins, árshátíð HR. Á þessum glæsilega viðburði koma nemendur og starfsfólk HR saman og njóta borðhalds, skemmtiatriða og HR musical, söngvakeppni skólans. Störf nefndarinnar eru að skipuleggja árshátíðina frá A-Ö, þar sem að á hverju ári kemur ný nefnd að nánast tómu borði. Það er að mörgu að huga þegar þarf að skipuleggja árshátíð en þeir helstu eru að ákveða staðsetningu fyrir samkvæmið, útvega skemmtiatriði, skreytingar og veisluþjónustu.

Nefndin hóf störf í byrjun október 2016, hefur fundað reglulega og verið í samskiptum við tengiliði hjá þeim fyrirtækjum sem við erum að kaupa þjónustu af.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Magnús Þorsteinson, formaður árshátíðarnefndar
- Dagmar Þ. Lúðvíksdóttir
- Elín Edda Sigurðardóttir
- Elísabet Ásta Guðjónsdóttir
- Eygló María Björnsdóttir
- Hlynur Snær Sæmundsson

Birta

Birta er félag nema í HR um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Birta var stofnuð árið 2015 með það markmið að vera ópólitískur umræðuvettvangur um þátttöku nemenda í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni. Birta stóð fyrir samgönguviku HR og sá um allar fyrirspurnir og verkefni sem tengdust samfélagslegri ábyrgð í HR. Stjórnin telur að mikilvægt sé að afla starfi nefndarinnar enn frekar.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Halldóra Birta Viðarsdóttir
- Hjördís Sveinsdóttir

Góðgerðanefnd

Góðgerðanefnd SFHR þetta skólaárið var skipuð í byrjun vorannar og fengu þau það verkefni að halda góðgerðarviku SFHR til þess að vekja athygli nemenda og starfsfólks á málefni sem talið er brýnt að styðja. Nefndin ákvað að styrkja Akkerið, en þau voru á þeim tíma að opna félagsrými fyrir flóttafók, hælisleitendur og alla aðra borgarbúa sem langar að nýta sér slíkt rými.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Kristín Sóley K. Ingvarsdóttir
- Ólöf Ragna Sigurðardóttir
- Sigrún Bjarglind Ingólfssdóttir
- Sigurður Jónsson

Hróður

Háskólablaðið Hróður kom út þann 9. mars 2017 en blaðið er gefið út einu sinni á ári. Haustið 2016 opnaði vefútgáfa blaðsins þar sem birtar eru greinar frá nemendum skólans og öðrum áhugaverðum einstaklingum tengdum háskólalífi. Ritstjórn tók m.a. viðtöl við ungt háskólafolk úr ýmsum stjórnmalaflokkum í kosningabaráttunni 2016 og birti á heimasíðunni www.hrodur.is.

Ritstjórn Hróðurs skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Kristinn Þorri Þrastason, ritjóri
- Jóhann Ari Sigfússon
- Ísak Dimitris Pálmason
- Viktoría Vasilynka Alfreðsdóttir

Jafnréttisfélag

Jafnréttisfélag Háskólans í Reykjavík var formlega stofnað þann 5. október 2015 en þá var löngu orði tímabært að stofna slíkt félag. Markmið stjórnar félagsins er að stuðla að vitundarvakningu meðal HR-inga um mismunum af hvaða toga sem er með því að standa fyrir ýmsum viðburðum innan skólans, t.d. fyrirlestrum og þemaviku. Jafnréttisfélagið boðar jöfnuð fyrir alla, óháð kyni, kynhneigð, uppruna, heilbrigði eða trú.

Jafnréttisfélagið hélt jafnréttisdaga háskólanna í annað skipti í HR þann 10.-21. október 2016. Einnig stóðu þau fyrir fjölda fyrirlestra og viðburða á jafnréttisdögum í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Einnig tók félagið þátt í Kvænnafríinu þann 24. október 2016 og stóð að undirbúningi baráttufundarins á Austurvelli ásamt því að hjálpa við kynningu Kvænnafrísins á Snapchat aðgangi Nova.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Birgitta Saga Jónsdóttir, formaður
- Arnar Freyr Sigurðsson
- Hjördís Sveinsdóttir
- Rósa Guðný

Lagabreytinganefnd

Lagabreytingarnefnd fór í umfangsmiklar breytingar á lögum félagsins sem og endurskrifaði öll ákvæði í þeim tilgangi að gera þau skýrari og aðgengilegri fyrir nemendur og næstu stjórnir og bætti einnig inn greinum sem stjórnin taldi þörf. Auk þess var markmiðið að nefndin væri til staðar og myndi aðstoða nemendafélög með lagabreytingar ef óskað væri eftir slíku.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR og formaður nefndarinnar
- Bryndís Gyða Michelsen
- Stella Hallsdóttir

Málfundafélag

Málfundafélagið var fyrst stofnað haustið 2013 og hefur það staðið fyrir fyrirlestrum, kynningum og fræðslumálum innan HR síðastliðin fjögur ár. Markmið félagsins er að miðla þekkingu innlendra og erlendra sérfræðinga til nemenda HR og allra sem hafa áhuga á að læra eitthvað nýtt. Málfundafélag SFHR stendur fyrir fyrirlestrum, kynningum og fræðslumálum innan HR.

Félagið skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Birgitta Saga Jónsdóttir
- David Erik Mollberg

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHFR var sett á laggirnar í samstarfi við Icelandic Startups frumkvöðlasetur haustið 2015. Markmið nefndarinnar er að hvetja til nýsköpunar- og frumkvöðlahugsunar hjá nemendum skólans og opna augu þeirra fyrir þeim tækifærum sem felast í því að fara út í eigin rekstur að námi loknu.

Nefndin starfar náið með Icelandic Startups í gegnum fjölbreytt verkefni á þeirra vegum og er þeim alltaf innan handar. Á meðal þeirra viðburða sem nefndin hefur tekið þátt í er leikja- og sýndarveruleikaráðstefnan Slush PLAY og Gulleggið. Auk þess skipulögðu þau nýsköpunarhelgi sem haldin verður í lok apríl og mun sú helgi tengjast þriggja vikna áfanganum Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Sonja Björg Jóhannsdóttir, formaður
- Ásdís Thelma Fanndal Torfadóttir
- Bergrós Gígja Þorsteinsdóttir
- Birgir Hlynur Guðmundsson
- Dagbjört Þórðardóttir
- Gabriel Windels
- Hrund Jóhannesdóttir
- Ómar Þróstur Hjaltason
- Wojtek Kokot

Viðburðarnefnd

Viðburðarnefnd SFHR var stofnuð haustið 2015 og er tilgangur hennar að koma að skipulagningu viðburða á vegum SFHR, sameiginlega viðburða aðildarfélaga SFHR og að öllu samstarfi milli SFHR og annarra háskóla.

Í ár kom nefndin að skipulagningu Fjölskyldudags SFHR en hann er haldinn einu sinni á ári í október fyrir fjölskyldufólk í námi og starfi við háskólann. Töfrahetjan Mikael skemmti ásamt ýmsum öðrum á vegum nemendafélaga hvefrrar námsdeildar skólans. Viðbuðrarnefndin hefur einnig séð um nokkrar svokallaðar stjórnarstefnumótanir þar sem nemendur í stjórn og félögum skólans hittast, hafa gaman og mynda tengslanet.

Viðbuðrarnefndin er alltaf til staðar ef kallað er á en í kjarnann sér nefndin um að koma fólki saman til að skemmta sér og kynnast hvort öðru.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Eygló María Björnsdóttir
- Hlynur Snær Sæmundsson

Viðburðir

Árshátíð HR

Árshátíð HR var haldin hátíðlega laugardaginn 11. mars í Valsheimilnu. Hátíðin gekk vonum frammar og var sú mest sótt frá upphafi, en um 820 manns sóttu árshátíðina. Orðið á göngum skólans var einnig að þessi árshátíð hafi verið sú besta. Fordrykkur hófst kl 19:00 en CCEP bauð upp á drykkinn Strongbow. Laugaás sá um veisluþjónustuna en forréttur hófst kl 20:00, aðalréttur kl 21:00 og eftirréttur kl 22:00. Saga Garðars og Jóhannes Haukur sáu um veistlustjörn, Friðrik Dór og Sýlvía Erla tóku nokkur lög og hljómsveitin Bandmenn spiluðu síðustu þrjár klukkustundir hátíðarinnar, sem endaði klukkan 02:00. Framlög allra nemendafélaganna í HR musical voru frumsýnd um kvöldið, en það var Mentés, félag sálfræðinema, sem bar sigur úr þítum. Frekari upplýsingar um skipulagningu á árshátíðinni má sjá í skýrslu sem árshátíðarnefnd SFHR skrifar.

Ferð með erlendu nemendum skólans

Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari, þá var eitt mikilvægasta áhersluatriði stjórnar SFHR þetta starfsárið, að koma erlendu nemendum skólans betur inn í hagsmuna- og félagslíf HR. Til að komast einu skrefi nær því markmiði stóð SFHR fyrir hópefli meðal erlendu nemendanna þar sem 45 manns tóku þátt í Lazertag og fóru svo með rútu upp í Þrastarlund, þar sem boðið var upp á pítsur og drykki. Eftir það var ferðinni heitið niður í Miðbæ þar sem nemendurnir skemmtu sér saman fram á nótt.

Nemendur voru allir mjög ánægðir með þetta framtak og undruðu sig á því að slíkur viðburður hafi ekki verið haldinn áður. Stjórnin telur mikilvægt að svona hópefli séu haldin á hverju skólaári, og mikilvægt að það sé frekar snemma á önninni. Einnig hefði SFHR viljað fá HR-buddy og mentora nemendanna með í ferðina auk fulltrúa frá öllum stjórnnum nemendafélaganna, en fjárhagur leyfði það ekki að þessu sinni.

Fjölskyldudagur SFHR

Fjölskyldudagur SFHR var haldinn laugardaginn 5. nóvember og áætlað er að um 80 manns hafi mætt. Hvert nemendafélag sá um stöð og var krökkum boðið að prófa ýmislegt skemmtilegt sem tengdist hverri deild fyrir sig. SFHR bauð einnig upp veitingar, andlitsmálningu frá Sirkus Íslands og svo var Einar Mikael töframaður með sýningu. Dagurinn heppnaðist mjög vel og voru gestir mjög ánægðir.

Forsetaframboðsfundur

Þann 27. apríl 2016 stóð SFHR fyrir fundi með þeim forsetaframbjóðendum sem þá höfðu gert framboð sitt opinbert á þeim tíma. Ragnhildur Helgadóttir forseti lagadeildar HR var fundarstjóri og um 150 manns sóttu fundinn auk fjölda fjölmiðla. Hver frambjóðandi fékk 3 mínútur til að kynna sitt framboð og eftir það var tekið við spurningum úr sal. Fundurinn var opinn öllum og hægt var að fylgjast með honum í beinni útsendingu, en mörg hundruð manns horfðu á fundinn í gegnum internetið.

Góðgerðarvika

Góðgerðavika SFHR var haldin vikuna 30. janúar til 3. febrúar. Í þetta skiptið ákvað Góðgerðarnefndin að styrkja Akkeri, sem var þá að vinna í að opna félagsrými fyrir flóttafólk, hælisleitendur og alla aðra borgarbúa sem langar að nýta sér slíkt rými. Markmiðið félagsrýminu er að það sé gridarstaður þar sem fólk getur sinnt áhugamálum, kynnst öðru fólk, byggt brýr á milli menningarheima og breytt biðtíma í tækifæri.

Í vikunni var staðið fyrir ýmiskonar fjáröflunum og viðburðum innan sem utan skólans, meðal annars bingó, spinning, blóðbíllinn mætti, Joe & the Juice seldu samlokur og djúsa til styrktar málstaðarins og Málið gaf hluta sölunnar af ýmsum vörum hjá þeim til málstaðarins. Þar að auki gafst nemendum kostur á að heita á samnemendur sína, en meðal áskoranna var djambbindindi og aflitun á hári. Auk þess var reiknaður kostnaður við að halda góðgerðarparty og ákvað SFHR að styrkja Akkeri um þá upphæð.

Jafnréttisdagar

Jafnréttisdagarnir voru haldnir 10.-21. október og sá Jafnréttisfélag SFHR um að skipuleggja röð viðburða sem haldnir voru í skólanum. Mikið var um fyrirlestra sem boðuðu jöfnuð fyrir alla óháð kyni, kynhneigð, uppruna, heilbrigði eða trú.

Eftirfarandi viðburðir voru í boði:

- Kynlaus fornöfn, Alda Villiljós
- Málfundur um innflytjendastefnu, fulltrúar þeirra kosningaflokka sem voru í framboði til Alþingis
- Sýning frá LHÍ og gjörningur
- „Ertu máluð og allt?“ – margþætt mismunun og mannréttindi fatlaðs fólks, Freyja Haraldsdóttir
- Jafnrétti í íþróttum, Hafrún Kristjánsdóttir
- Jafnrétti foreldra í forræðismálum, Dögg Pálsdóttir
- Fáar konur á meðal flytjenda, Hulda Dóra Styrmissdóttir
- Val á tónlistarmönnum á útihátíð, Lára Rúnarsdóttir, Þóra Einarsdóttir og Grímur Atlason

Einnig beitti jafnréttisfélagið sér fyrir á jafnréttisdögum fyrir því að öll salerni HR væru útbúin dömubindum og tíðartöppum til að vekja athygli á hinum svokallaða „bleika skatti” og túrvæðingu.

Jólaball

Þann 16. desember 2016 stóð SFHR, ásamt öllum nemendafélögum skólans, fyrir Jólaballi HR. Ballið var haldið í Glersalnum í Kópavogi og hljómsveitin Bandmenn komu nemendum í sannkallað jólaskap. Um 200 nemendur mættu á ballið og kostaði miðinn aðeins 1000 kr. Viðburðurinn gekk vonum framár og voru allir sammála um að gaman væri að hafa aftur jólaball að ári.

Landsþing LÍS

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS og þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélagsins, enda gríðarlega mikilvægt að hafa eina sameiginlega, sterka rödd fyrir alla íslenska stúdenta. Í enda þingsins er mynduð stefna fyrir samtökin sem er í takt við yfirskrift hvers þings. SFHR á sjö þingfullrúa á landsþingi.

Tvö þing náðu yfir starfsár stjórnar SFHR en það fyrra var haldið helgina 18-20. mars 2016, tveimur dögum eftir aðalfund SFHR. Þingið bar yfirskriftina „Rannsóknir og Nýsköpun – fjárfesting til framtíðar” og var haldið á Bifröst. SFHR hélt og skipulagði vorþingið og lá því í augum uppi að yfirskriftin yrði þessi, enda leggur HR mikla áherslu á gíða rannsóknarvinnu og eflingu nýsköpunarstarfs.

Seinna þingið var haldið helgina 17.-19. mars 2017 á Akureyri. Yfirskrift þingsins var „Hvers virði er mín menntun? – Efling stúdenta í gæðastarfi háskólanna”. SFHR var einstaklega stóllt af HR þessa helgi, en fyrir utan það að sjá hvað HR er framarlega í gæðamálum háskólanna, að þá voru bæði Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR, og Einar Hreinsson, forstöðumaður kennsluviðs HR, með erindi á fundinum. Í lok þingsins tilnefndi SFHR fulltrúa sína í framkvæmdastjórn LÍS fyrir næsta starfsár

- Kristín Sólveig Kormáksdóttir
- Eygló María Björnsdóttir
- Íris Björk Snorradóttir, varamaður
- Salka Sigurðardóttir, varamaður

Nýnemadagar

Þegar ný stjórn tók við störfum hafði Kennslusvið skólans samband og vildi gera víðtækar breytingar á skipulagi Nýnemadaga HR. Hugmyndin var að Stúdentafélagið myndi sjá um allt utanumhald, með aðstoð Kennslusviðs og annarra stoðsviða skólans, í þeim tilgangi að ná betur til nemendanna með öðruvísi kynningum heldur en fyrirlesturum. Það var strax hafist handa um vorið og fékk SFHR öll nemendafélögin í lið með sér. Hvert nemendafélag útbjó einskonar ratleik um HR með ýmsum stöðvum þar sem nemendur fengu kynningar á helstu stoðsviðum skólans og öllu er tengist hagsmuna- og félagslífnu. Á haustönninni voru tvær deildir fyrir hádegi og tvær deildir eftir hádegi, en Ari rektor setti skólann í hádeginu ásamt því að Rebekka Rún, formaður SFHR, var með ávarp.

Nemendur voru flest allir mjög sáttir með fyrirkomulagið á nýnemadeginum og þeir sem sáu um utanumhald voru sammála því að þetta væri mun skilvirkari leið til þess að koma upplýsingum til nýnema, en voru öll sammála því að margt mætti betur fara í fyrirkomulaginu. Auk þessa nýnemadags var haldin sér kynning fyrir nemendur í frumgreinadeild og fyrir skiptinema.

Á vorönn voru nýnemarnir heldur færri og var þá einungis haldin lítil stofukynning þar sem fulltrúi hvers svið innan skólans sagði frá þeirra helstu þáttum er varða nýnema. Þá kynnti Rebekka Rún, formaður SHFR, nemendum fyrir hagsmuna- og félagslífi skólans auk þess að sýna nemendum aðstöðuna.

Ólympíuleikar HR

Ólympíuleikar HR voru haldnir 21.-23. október 2016. Öll nemendafélög kepptu sín á milli í fjölbreyttum keppnisgreinum, t.d. í limbó, FIFA, reipitogi, stinger, sólarhringshlaupi og fótbolta. Spennan náði hámarki á föstudagskvöldinu í Ólympíupartýinu sem haldið var í Glersalnum í Kópavogi, en Tvíund, nemendafélag tölvunarfræðinema, bar sigur úr bítum annað árið í röð. Einn aðili frá hverju nemendafélagi skipaði Ólympíunenfd HR og var Salka Sigurðardóttir verkefnastjóri leikanna.

Samgönguvika

Samgönguvika í Reykjavík hófst föstudaginn 16. september 2016, en SFHR og sjálfbærni-félagið Birta sáu um skipulagningu á vikunni innan skólans. Nemendur HR voru hvattir til þess að mæta í skólann í strætó, gangandi, hjólandi eða sameinast í bíl vikuna 16.-22. september. Í einu hádeginu komu BMX brós og héldu hjólasýningu í sólinni til þess að vekja athygli á samgönguvikunni. Ef fólk sendi Stúdentafélaginu Snapchat af sér koma í skólann á hjóli, í strætó, gangandi eða í bíl með öðrum var það komið í happdrættispott og gat unnið fullt af veglegum vinningum.

Stjórnastefnumótanir

Á starfsárinu voru haldnar fjórar stjórnastefnumótanir, en þá er stjórnunemendafélaga og allra nefnda SFHR boðið í hópefli og gleði um kvöldið. Tilgangurinn er að tengja alla nefndarmeðlimi skólans saman og hvetja þannig til samstarfs milli deilda. Viðburðarnefnd SFHR aðstoðaði Stúdentafélagið með skipulagningu.

Sú fyrsta var haldin þann 30. apríl 2016 og var þá öllum nýkjörnum stjórnunemendafélaganna boðið í hópefli í GoMobile salnum. Önnur stjórnastefnumótunin var haldin þann 10. september 2016 en þá bauð Icelandic Startups hópnum á fyrirlestur um nýsköpun- og frumkvöðlastarfsemi og í kjölfarið fékk hópurinn að stofna fyrirtæki á einni klukkustund. Seinna um kvöldið hélt hópurinn í GoMobile salinn þar sem meira hópefli beið þeirra. Næsta stjórnastefnumótunin var haldin 3. desember 2016 en yfirskritin var “Litlu jól”. Skipt var niður í hópa og keppt í jóla Minute to Win it þrautum í GoMobile salnum. Fjórða og síðasta stjórnastefnumótunin var haldin þann 25. febrúar 2017 í Sjálfstæðissalnum á Seltjarnarnesi. Með henni var þakkað öllum fyrir samstarf líðandi starfsárs og vel unnin störf.

Útilega HR

Þann 19. ágúst 2016 var útilega HR haldin á Tjaldsvæðinu á Flúðum og voru rúmlega 200 nemendur sem mættu. Boðið var upp á pylsur og bjór, auk þess sem spilað var kubb, snúsnú og margt fleira skemmtilegt. Hljómsveitin Bandmenn byrjaði að spila á ballinu klukkan 22:00 og héldu uppi stuðinu til 03:00. Reykjavík Chips mætti um miðnætti og seldi franskar og var lagt af stað í bæinn um hádegi daginn eftir, í glampanði sól. Í útilegunefndinni sátu skemmtanastjórar nemendafélaganna.

Styrktaraðilar

Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2016. Félagsmönnum var boðið pizzur frá þeim á mörgum viðburðum á vegum Stúdentafélagsins eða undirnefndum þeirra.

Heimkaup

Í byrjun vorannar hafði Heimkaup samband við Stúdentafélagið og vildi fá að auglýsa rafbækur sem þeir hafa til sölu. Þá setti formaður SFHR fram tilboð um samstarfssamning og féllst Heimkaup á það. Samið var fyrir eina önn en þeir vildu gjarnar fá að skoða áframhaldandi samstarfi næsta skólaár.

Íslandsbanki

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Íslandsbanka haustönn 2016. Þá kom Kass að Árshátíð HR og bauð nemendum að borga miðann með Kass appinu og fékk Stúdentafélagið þá 120 kr greiddan til baka á þann miða.

LÍN þjónustusamningur

Á haustmisseri 2015 skrifaði stjórn SFHR undir þjónustusamning við LÍN, en það var í fyrsta sinn sem slíkur samningur var gerður við LÍN í þágu félagsmanna SFHR. Stjórn SFHR 2016-2017 gerði nýjan samning við LÍN og bauð m.a. upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu félagsins, M205. Einnig bauð stjórnin upp á svokallaða kaffitíma í Sólinni í HR á tveggja vikna fresti og gafst nemendum þá tækifæri á að fá aðstoð vegna umsóknar eða lántökufærli þeirra hjá LÍN.

Stjórnin hélt uppi rafrænni málaskrá svo hægt væri að halda utan um hvaða mál voru mikilvægust fyrir nemendum HR, en algengasta fyrirspurnin tengdist skólagjaldalánnum. Þjónustusamningurinn gekk vel og nemendur ánægðir að fá slíka þjónustu innan skólans.

Síminn & GOMobile

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Símann og GOMobile á haustönn 2016. Samstarfið gekk mjög vel og tóku Símann og GOMobile þátt í fjölmörgum viðburðum á vegum SFHR, t.d. nýnemdeginum og ólympíleikum HR. Auk þess fékk SFHR aðgang að húsnaði GOMobile til þess að halda stjórnastefnumótanir.

Samfélagsmiðlar

Facebook

Stúdentafélagið var mjög virkt á Facebook og er með tæplega 2.400 fylgjendur á like-síðu félagsins. Til gamans má geta að meðalsvartími skilaboða var um tvær mínútur og 100% skilaboða svarað. Facebook, tölvupóstur og tilkynningar á MySchool er helsti vettvangur félagsins til þess að koma skilaboðum áfram til nemenda. Það var mikil áhersla lögð á að allt efni sem SFHR sendi frá sér væri á bæði íslensku og ensku. Á miðvikudögum auglýsti stjórnin alla stjórnarmeðlimi Stúdentafélagsins auk allra nefnda SFHR svo nemendur skólans gætu kynnst þeirri starfsemi sem á sér stað í hagsmuna- og félagslífi skólans.

Heimasíða

Heimasíða SFHR var uppfærð með aðstoð Davíðs Guðna Halldórssonar. Eins og á öðrum samfélagsmiðlum félagsins var lagt mikla áherslu á að hafa allt efni þar á ensku og sá Íris Björk, upplýsingafulltrúi SFHR, um að þýða alla heimasíðuna. Á síðunni, www.sfhr.is má finna allar upplýsingar um SFHR, nefndir, félög og afslætti svo fátt eitt sé nefnd.

Snapchat

Á árinu stofnaði SFHR Snapchat aðgang undir notendanafninu *studentafelagid* og hefur sá vettvangur reynst vel til þess að ná til nemenda. Aðgangurinn var til dæmis notaður í happdrættisleik í Samgönguvíkunni, viðburðir auglýstir, sýnt frá viðburðum, gestasnapparar fengu aðgang og starfsemi SFHR kynnt.

Tölvupóstur

Líkt og Facebook er tölvupóstur einn helsti vettvangur félagsins til þess að koma skilaboðum áfram til nemenda skólans. Einu auglýsingarnar sem sendar voru frá félaginu voru frá samstarfsaðilum og reynt var að halda tölvupóstum frá félaginu í lágmarki svo þeir myndu ekki missa marks. Eins og á öðrum miðlum var lagt áherslu á að allir textar væru bæði á íslensku og ensku.

Twitter

SFHR er með Twitter aðgang undir nafninu *studentafelagRU* og er með um 150 fylgjendur. Að mati stjórnarinnar er þetta ekki góður miðill til að vera á enda er erfitt að taka við athugasemdum þar og eiga samræður við aðra þar vegna takmarka á orðafölda. Hins vegar bárust nokkrar athugasemdir til okkar í gegnum miðilinn sem við svörðum eftir bestu getu og fórum strax í málið þegar góðar ábendingar bárust. Þó bendum við fólki á að nota frekar Facebook eða tölvupóst til að hafa samband við okkur frekar en Twitter enda vorum við ekki

virk á þessum miðli. Kosturinn við miðilinn er að hægt er að nota myllumerki þegar haldnir eru opnir fundir og hvetja fólk til að senda inn spurningar á þennan máta en líkt og við gerðum á fundinum um forsetaframbjóðendurnar en þá notuðum við myllumerki HR sem er #haskolinn. Við teljum því ekki nauðsynlegt að vera á þessum miðli en ný stjórn má taka ákvörðun um hvað þau telja henta sér.

Önnur verkefni og áskoranir

Alþingiskosningar

29. október 2016 voru Alþingiskosningar haldnar á Íslandi, ári fyrr en skipulagt var. Eins og í kringum allar kosningar þá fyllast fjölmiðlar af umræðum um frambjóðendur, stefnumál og mikilvægi þess að kjósa. Þá leituðu fjölmiðlar nokkrum sinnum til Stúdentafélagsins, í þeim tilgangi að fá sjónarhorn stúdenta á kosningarnar og fór Rebekka Rún, formaður SFHR, í mörg viðtöl er tengdust því. Þetta var stórt skref í áttina að því að vera sýnileg utan veggja skólans og var þetta eitt af mörgum dæmum sem fjölmiðlar leituðu til SFHR vegna ýmissa málefna.

Í október boðaði Háskólinn í Reykjavík 7 stærstu stjórn málaflokkum í framboði á fund til þess að vekja athygli á undirfjármögnun háskóla. Hver stjórn málaflokkur sendi 2-4 fulltrúa frá sér sem ræddu við Ara Kristinn Jónsson, rektor HR, og Rebekku Rún, formann SFHR. Hver fundur var um klst og var þá farið yfir hvernig undirfjármögnun hefði áhrif á starfsemi háskólanna og á samfélagið allt. Þetta var eitt af fáum leiðum sem var farið til þess að vekja athygli á undirfjármögnun háskóla.

Aukið framlag

Eins og áður hefur komið fram, var eitt aðal áhersluatriði stjórnar SFHR að einblína starfsemi félagsins mun meira á erlendu nemendum skólans og koma þeim betur inn í félagslíf og almenna starfsemi skólans. Það er mikilvægt að upplifun bæði skiptinema og erlendra nemenda í fullu námi sé einstaklega góð þar sem HR er að stækka sem alþjóðlegur skóli. Auk þess einbeitti stjórnin sér að stærri hóp nemenda innan skólans en áður hefur verið gert, eins og meistaranemum, doktorsnemum, MPM og MBA nemum. Til þess að tryggja að sú vinna haldi áfram hjá næstu stjórn þá voru löggin uppfærð í samræmi við það.

Með stækkandi hagsmunahóp felur í sér aukinn kostnaður. Allt útgefið efni á að vera bæði á íslensku og ensku auk þess sem haldið verður sérstakt hópefli fyrir erlendu nemendurnar. Út frá útreikningum stjórnar og viðræðum við stjórnendur skólans var fallist á það að framlag skólans til Stúdentafélagsins myndi aukast, en sá auka kostnaður er eingöngu ætlaður Alþjóðanefnd SFHR og í þýðingu á háskólablaðinu Hróður, sem var í fyrsta sinn þýtt á ensku þetta skólaárið.

Með stækkandi hagsmunahóp, aukinni starfsemi nefnda og félagsins sjálfs fannst sjórninni einnig að endurgjald stjórnarinnar ætti að aukast. Þá hafði eins og áður myndast umræða innan háskólasamfélagsins þar sem hagsmunafélögin SFHR og SHÍ voru borin saman, en SHÍ er með starfsmenn í fullri vinnu að gæta hagsmuna sinna stúdenta og með laun í takt við það, á meðan laun SFHR eru lítil sem engin fyrir sömu vinnu. Á sama tíma hafa fjölmiðlar fært það í aukana að hafa samband við SFHR við hin ýmsu tilefni og hefur félagið verið sýnilegra þetta skólaár en nokkurn tímann áður, bæði innan veggja skólans og utan þeirra.

Kosturinn við fyrirkomulagið eins og það hefur verið er að stjórnarmeðlimir hafa verið í fullu námi á meðan þeir sinna störfum SFHR og eru þannig daglega að meta sjálfir starfsemi skólans. Það er eitthvað sem núverandi stjórn telur mjög mikilvægt. Því var ósk stjórnarinnar ekki sú að breyta starfsemi félagsins yfir í sambærilegt og er í hjá SHÍ, heldur einungis búa til hvata til þess að sinna þessu starfi af öllum krafti og gera þeim nemendum sem taka að sér svona mikilvæg stjórnarstörf kleift að sinna því og náminu almennilega og t.d. sleppt því alfarið að vinna aðra vinnu með skóla. Því lagði stjórnin til að skólagjöld allra stjórnarmeðlima á báðum önnum sem nemendur sitja í stjórn SFHR yrðu felld niður auk þess sem formaður myndi auk þess fá umsaminn styrk hvora önnina. Rektor féllst á það og mun taka gildi fyrir næstu stjórn.

Forsetakosningar

Forsetakosningar á Íslandi 2016 fóru fram laugardaginn 25. júní en eins og mörgum er kunnugt voru fjölmargir sem gáfu kost á sér til embættis forseta Íslands. Stúdentafélagið hélt fyrsta opna fundinn með forsetaframbjóðendum, og eins og áður segir í skýrslunni var fundurinn mjög vel sóttur. Auk þess fór Rebekka Rún, formaður SFHR, í fjölmörg viðtöl er tengdust mikilvægi þess að kjósa, mikilvægi þess að ungt fólk kjósi auk þess sem umræða myndist um stjórn mála kennslu í grunnskólum á Íslandi. Eins og áður, er þetta eitt af mörgum dæmum sem SFHR náði að vera sýnilegri utan veggja skólans.

Háskólar í hættu

Þann 14. október 2016 hófst átakið „Háskólar í hættu“ í formi greinaskrifa, undirskrifta-söfnunar og vitundarvakningu á samfélagsmiðlum. Markmið átaksins var að vekja athygli stjórnvalda á þeim slæmu kjörum sem ríkisreknir háskólar hérlendis þurfa að takast á við. Öll stúdentafélög íslenskra háskóla auk rektora þeirra fóru saman í átakið með það í huga að sterkasta röddin er þegar allir standa saman. Erna, hagsmunafulltrúi SFHR, sendi inn grein í greinaskriftaráttak LÍS sem bar heitið „Fjárfestum í menntun“ auk þess sem Rebekka Rún, formaður SFHR, skrifaði grein í framhaldsskólablaðið og fór í nokkur viðtöl er tengdust áttakinu.

Það fer ekki framhjá neinum hversu ör þróun og endurnýjun þekkingar á sér stað á þeim tímum sem við lifum á í dag. Kröfur um hæfni í atvinnulífinu eru stöðugt að breytast vegna hraðrar tækniþróunar og alþjóðavæðingar. Sagt er að 60% af þeim krökkum sem eru í grunnskóla núna munu vinna við störf í framtíðinni, sem eru ekki til í dag. Þó við vitum ekki hvað framtíðin beri í skauti sér þá þurfum við samt að vera tilbúin til þess að mennta þjóðina í þá átt sem heimurinn stefnir að hverju sinni. Við þurfum að vera samkeppnishæf öðrum þjóðum þegar horft er til menntunar og þekkingar og alls ekki dragast aftur úr lestinni.

Við viljum að ungt fólk á Íslandi hafi sömu möguleika í atvinnulífinu hérlendis og í samanburðarlöndum. Það er mikilvægt að stuðla að samfélagi þar sem samkeppnishæfni og verðmætasköpun byggist á hugviti, sérstöðu og gæðum. Háskólarnir eru uppspretta

sérfræðipekkingar í samfélaginu og liggur því í augum uppi að með undirfjármögnum háskólum þá er ekki hægt að koma til móts við þessa kröfur.

Núverandi fjárframlög duga háskólunum því miður ekki til þess að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Við erum þegar komin nokkrum árum á eftir öðrum löndum á ýmsum sviðum, því íslenskir háskólar hafa ekkert svigrúm til þess að bregðast við þróun. Skortur á fjármagni hefur mikil áhrif á gæði kennslunnar og á rannsóknir innan veggja háskólanna. Fjárframlag ríkisins á hvern íslenskan háskólanema er einungis 71% af OECD meðaltali. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þetta vandamál er auðvelt að leysa. Ef framlag hækkar um 9% á ári munum við ná OECD meðaltali árið 2020 og ná Norðurlöndunum árið 2023.

Með því að styrkja háskólasamfélagið erum við að styrkja nánast alla innviði samfélagsins á sama tíma. Með auknu fjármagni væri hægt að ráða fleira starfsfólk, bæði til að svara kröfum um betri kennslu og auknum rannsóknum. Auk þess gæti aðstaða nemenda fyrir verklegt nám og rannsóknir verið bætt til muna. Hættum að hugsa til fjögurra ára í senn, horfum til framtíðar.

Lagabreytingar

Þann 9. febrúar 2017 var haldinn lagabreytingafundur til þess að ná að gera breytingar á lögum er varða kosningar Stúdentafélagsins og var breytt úr listakosningum í einstaklingskosningar. Helstu rökin fyrir því voru að erfitt hefur verið að fá lista í framboð og hefur sjaldan verið mikil samkeppni um stöðurnar sökum þess. Með þessu móti getur hver og einn nemandi farið í framboð án þess að þurfa að safna öðrum nemendum á lista með sér og er því ekki háður öðrum aðilum til þess að geta boðið sig fram. Einnig býður einstaklingskosning upp á meira val fyrir kjósendur þar sem þeir geta kosið einstaklinga í stjórn fremur en allan listann í stjórnina. Með breytingunni var vonin sú að stjórnin verði saman sett úr fjölbreyttari hóp en áður hefur verið, til dæmis nemendur bæði úr grunnáminu og meistaranáminu og nemendum frá mismunandi deildum innan skólans.

Hlutverk stjórnarmanna voru skilgreind betur og sett inn ákvæði um hagsmunafulltrúa og upplýsingafulltrúa en slík embætti hafa verið í sjórn SFHR síðustu ár, en engin skilgreining á hlutverkum þeirra hefur verið í lögum. Því voru öll hlutverk allra stjórnarmeðlima uppfærð miðað við hvernig vinnan hefur verið síðustu ár auk þess miðað við breytingar sem gerðar voru á starfsárinu.

Við gerð skýrslunnar var lagabreytingarnefndin að leggja lokahönd á allsherjar breytingar á lögum félagsins þar sem verið er að laga laga almennt orðalag og skipta ýmsum greinum upp í fleiri í þeim tilgangi að gera lögini skýrari, einfaldari og aðgengilegri fyrir alla. Auk þess er verið að setja inn ákvæði um hvernig kjör fulltrúa SFHR í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta skal fara fram.

LÍN frumvarp

Stúdentar á Íslandi hafa lengi barist fyrir breytingum á lögum er varða Lánasjóð íslenskra námsmanna, LÍN. Núverandi lög eru frá árinu 1992 og margt í þeim sem passar ekki inni samfélagið í dag líkt og það gerði fyrir nokkrum árum.

Vorið 2016 lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram nýtt frumvarp um lánasjóðinn sem var byggt á helstu kröfum flestra stúdentahreyfinga landsins. Í frumvarpinu var helst lögð áhersla á að aðskilja styrktarkerfið og lánakerfið, að norrænni fyrirmynd. Þrátt fyrir margar athugasemdir á frumvarpinu studdu allar stúdentahreyfingar áframhaldandi vinnu á því. Frumvarpið fór hins vegar ekki í gegnum fyrstu umræðu fyrr en eftir sumarfrí Alþingis, sem gerði það að verkum að það fór ekki fyrir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrr en um haustið 2016. Því var talið mjög ólíklegt að frumvarpið færi í gegn fyrir kosningar sem áttu sér stað í lok október 2016, enda stuttur tími fyrir mjög umfangsmikið mál. Þann 12. október var LÍN sett á dagskrá á kvöldfundi Alþingis þar sem frumvarpið var formlega fellt af stjórnarandstöðunni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tók hins vegar stórt skref með því að setja frumvarpið fram, þar sem það hefur sett pressu á næstu ríkisstjórn fara í áframhaldandi vinnu í þessum málum.

Þegar svona miklar breytingar á lánakerfinu eru settar fram er mikilvægt að skoða áhrifin á sem stærstan og fjölbreyttastan hóp námsmanna. Það þarf að skoða hvort að þetta kerfi, sem frumvarpið setur fram, sé betra en núverandi kerfi og hvort að námsmenn komi almennt betur eða verr út úr því. Athuga þarf hvort það sé betra eða verra að vera með aðskilið styrktar- og lánakerfi auk þess að skoða hvernig hópurinn sem nýtir sér aðstoð LÍN myndi breytast milli kerfa.

Í neðangreindri töflu er helsti munur núverandi kerfisins og þeirri tillögu sem lögð var fram.

	TILLAGA FRUMVARPS	NÚVERANDI KERFI
Beinn styrkur (kr)	65.000 kr. ^a	0 kr. ^b
Lán: foreldrahúsnæði (grunnframfærsla)	21.000 kr. ^a	79.417 kr. ^c
Lán: eigin- eða leiguhúsnæði (grunnframfærsla)	111.312 kr. ^a	102.407 kr. ^c
Beinn styrkur (ár)	5 ár hámark ^a	Á ekki við
Lánshæft nám	7-8* ár hámark ^a	8 ár hámark ^c
Vextir	2-3% verðtryggt** ^a	1-3% verðtryggt*** ^b
Lántökugjald	1,2% af höfuðstól ^a	1,2% af höfuðstól ^b
Afborganir	Mánaðarlegar greiðslur ^a	Tvær greiðslur á ári. Önnur greiðslan tekjutengd ^b
	Fullkomlega tengt höfuðstól ^a	Hin greiðslan tengd höfuðstól ^b
Fyrsta greiðsla	Einu ári eftir að námi lýkur ^a	Tveim árum eftir að námi lýkur ^b
Hámarks lengd afborgana	40 ár ^a	Ekkert hámark ^b
Hámarksaldur	Skerðist fyrst við 50 ára ^a	Skerðist aldrei ^b
Hluti láns af hámarks framfærslu	100% ^a	90-92% ^c
Hámark láns	15 m.kr. (18 m.kr. með styrk) ^a	Ekkert hámark ^b
Frítekjumark	77.000 kr. á mánuði ^a	77.000 kr. á mánuði ^c

* Hægt er að sækja um að fá lánað á áttunda lánsári fyrir doktorsnám

** Gert er ráð fyrir að vextir fari ekki undir 2% og geta að hámarki verið 3%

*** Vextir geta að hámarki verið 3%, en hafa verið um 1%

^a (þingskjal nr. 1373/2015–2016. Frumvarp til laga)

^b (lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992)

^c (Lánasjóður íslenskra námsmanna, Úthlutunarreglur 2016-2017, 2016)

SFHR sendi frá sér umsögn á frumvarpinu og fær Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR, sérstakt lof fyrir frábæra vinnu á umsögninni. Umsögnina má sjá í heild sinni á heimasíðu SFHR.

Sýn nýrrar kynslóðar

Þann 19. janúar 2017 var Stúdentafélagið með umsjón á erindi á Háskólaráðsfundi með fyrirögninni „Sýn nýrrar kynslóðar“. Meginmarkmiðið var að gefa skýr skilaboð um hvernig best væri að mæta þörfum og óskum unga fólksins í dag. Rebekka Rún, formaður SFHR, var með yfirumsjón verkefnisins og sá um skipulagningu á því ásamt Ara, rektor HR. Í byrjun voru nokkrir nemendur fengnir á fund og ræða ýmis mál er tengdust háskólanáminu og framtíðarsýn þeirra.

Þá völdu Rebekka og Ari nokkra aðila til þess að koma og kynna sínar hugmyndir og sjónarmið á fundi háskólaráðs en það voru:

- Anton Reynir Hafðísarson, nemandi í BSc viðskiptafræði
- Erna Sigurðardóttir, meistaranemi í lögfræði
- Sara Kristjánsdóttir, nemandi í BSc fjármálaverkfræði og tölvunarfræði
- Vignir Guðmundsson, fyrrum nemandi HR og frumkvöðull

Mikil ánægja var með erindin á meðal þeirra sem satu fundinn og verður spennandi að sjá hvernig unnið verður í framtíðinni með hugmyndirnar sem komu fram.

Hugmyndakassi

Eins og áður hefur komið fram var ein af áherslum stjórnar SFHR að vera sýnilegri fyrir nemendum skólans. Hugmyndakassinn var eitt skref í áttina að því en þá fengu nemendur tækifæri til þess að koma nafnlausum hugmyndum sínum á framfæri. Í kassann bárust mjög fjölbreyttar hugmyndir og margt sem stjórnin náði að hrinda í framkvæmd strax. Dæmi um hugmyndir sem bárust voru

- Hjólageymsla, kemur í sumar
- Ábendingar til Málsins, brugðist við mjög mörgum
- Kaffi á næturna, komin kaffivél hjá Málinu
- Öryggisverðir virkari að biðja um skilríki
- Hvíldarherbergi, komið inn á bókasafn
- Opnunartími háskólabúðarinnar, þeir breyttu opnuninni úr 22:00 í 00:00

og margt fleira.

Til þess að vekja athygli á hugmyndakassanum, sem staðsettur var á fyrstu hæð í Sólinni, var SFHR stundum með gefins kaffi og súkkulaði í Sólinni, en þá gafst nemendum einnig tækifæri á því að ræða við meðlimi stjórnarinnar. Svör við ábendingunum voru birtar á heimasíðu stúdentafalgsins.

BÍSN

Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru fjórir fulltrúar nemenda; einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samband íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN), eða Bandalag íslenskra námsmanna eins og félagið heitir núna. SFHR er í dag eina aðildarfélag BÍSN og hefur því séð um að tilnefna einstakling í þetta tiltekna stjórnarsæti, en starfsemi félagsins hafa ekki verið nein síðastliðin ár.

Á landsþingi LÍS 2017 tók SFHR umræður um samtökin þar sem Stúdentafélagið ætlaði að endurvekja félagið með því að boða til aðalfundar. Þá vildi SFHR fá alla einkarekna- og sérskóla landsins til taka þátt í félaginu og tilnefna þannig öll saman stjórnarmeðlim í stjórn LÍN. Þannig væri tryggt að allir skólar hefðu aðgang að fulltrúa þeirra í stjórn LÍN sem þeir hefðu skipað í sameiningu. Þessari umræðu tóku allir fagnandi og öll viðeigandi Stúdentafélög vildu taka þátt.

Doktorsnemar

RUPA, félag doktorsnema við Háskólann í Reykjavík var stofnað á síðasta skólaári. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna og velferðar doktorsnema við HR og taka þátt í sem og efla rannsóknastarf við Háskólann í Reykjavík. Stúdentafélagið ræddi við félagið um aðild að framkvæmdastjórn SFHR en varð það strax ljóst að þau ættu ekki erindi í framkvæmdastjórn SFHR, enda eru þeirra baráttu mál mjög ólík og staða þeirra mjög óskýr innan skólans þar sem þau eru bæði nemendur og starfsmenn á sama tíma. Við vorum sammála því að góð samskipti milli félaganna skipti miklu máli enda þarf SFHR að vera a.m.k. með einn tengilið í RUPA. Til dæmis er mikilvægt að vinna með doktorsnemunum þegar vinna á næstu umsögn á frumvarpi um Lánasjóðinn fer fram.

Á Framkvæmdastjórnarfundi HR þann 14. febrúar 2017 var samþykkt að fulltrúi nemenda við HR sæti í Rannsóknarráði skólans og væri hann með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk Rannsóknarráðs er að taka þátt í að þróa og viðhalda sterku rannsóknarumhverfi með hvatningu og stuðningi, hönnun ferla og hvatningu til öflunar fjármagns til rannsókna. Fulltrúi nemenda skal vera í miklum tengslum við rannsóknarnema skólans og miðla upplýsingum til þeirra um vinnu ráðsins. Fulltrúi nemenda er tilnefndur af félagi doktorsnema við skólann og skipaður af Stúdentafélaginu. Það var stórt skref að fá nemanda inn í Rannsóknarráð og mjög tímabært.

Viðurkenning á Diploma skjöl

Fyrri stjórn SFHR lagði mikla áherslu á sínu stjórnartímabili að félagsstörf væru metin til eininga. Talsverður fjöldi nemenda vinnur mikilvæg störf í þágu HR. Þessi störf eru innan SFHR og nefnda á vegum félagsins, störf innan stjórna 6 nemendafélaga og nefnda á vegum þeirra. Einnig eru líka nemendur sem sjá um framhaldsskólakningar. Þeir sem sinna þessum

störfum fá viðurkenningu frá skólanum en aðeins stjórnarmeðlimir SFHR fá greitt fyrir sín störf í formi niðurfellingu skólagjalda. Viðurkenningin telst því fremur almenn því hún fellur í skaut allra þeirra sem sinna fyrrnefndum störfum. Við lögðum til að nemendur gætu fengið 1 ECTS einingu fyrir að gegna kveðnum störfum yfir heilt kjörtímabil.

- Fimm stjórnarmeðlimir SFHR
- 6 formenn nemendafélaganna

Hver nemandi gæti fengið 3 einingar að hámarki á skólaferli sínum. Þessar einingar gætu hvorki fyllt upp í né komið í stað eininga sem fást fyrir námskeið. Þær væri því eingöngu til viðbótar við heildarfjölda eininga sem nemandi öðlast við nám í HR. Á fundi námsráðs var rætt um fyrirkomulag viðurkenninga og hvort einingar væru eina hugmyndin. Bent var á möguleika þess að setja texta inn í Diplóma Supplement. Einnig var rætt um formgerð þess að telja nemendastörf til eininga. Samdóma álit nefndarmanna að tillaga nemenda væri hófstíllt og að skólanum beri að veita einhverskonar staðfestingu á vinnuframlagi nemenda við trúnaðarstörf, miðað við þann hóp sem nefndur er í tillögunni. Námsráð taldi að þetta ætti að gera með skýrari hætti en gert væri en þó taldi námsráð að ef til vill væru einingar ekki rétta formið. Það var samþykkt innan Framkvæmdastjórnar HR.

Kennslusviðið útbjó texta sem var settur á Diploma skjöl þeirra nemenda sem höfðu gegnt þessum störfum og voru að útskrifast í júní 2016. Stjórn SFHR fannst sá texti ekki nógu lýsandi eftir að Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi SFHR fékk slíka staðfestingu á sitt Diplóma skjal eftir að hafa verið formaður Lögrétta, félags laganema við HR árið áður. Við ræddum þetta við kennslusvið og útbjó þá Rebekka Rún, formaður SFHR, staðlaða texta á skjölin sem var samþykktur af Kennslusviði. Viðurkenninguna fá allir formenn nemendafélaganna auk allra stjórnarmeðlima Stúdentafélagsins. Fyrir hvert starf er sérstakur staðlaður texti. Sitjandi stjórn SFHR þarf í lok hverrar annar að upplýsa Kennslusvið um það hvaða nemendur eru að útskrifast og eiga að fá þessa staðfestingu. Dæmi um texta sem koma fram á skjölunum er:

Formenn nemendafélaganna:

This confirms that NAFN actively engaged and provided distinguished services in HIS/HER leadership role on behalf of NEMENDAFÉLAG, Reykjavík University School of DEILD Student's Organization during HIS/HER studies VINNUÁR.

DÆMI:

This confirms that JÓN JÓNSSON actively engaged and provided distinguished services in his leadership role on behalf of Lögrétta, Reykjavík University School of Law Student's Organization during his studies 2015-2016.

Formaður SFHR:

This confirms that NAFN actively engaged and provided distinguished services in HIS/HER role as the President of the Student Association of Reykjavik University during his/her studies

VINNUÁR. In that role HE/SHE was a spokesman for the student body and their advocate in all relation to the administration of the University.

Mat á gæðum kennslu - tilraunaverkefni

Tilraunaverkefni námsráðs um fjölbreytt mat á gæðum kennslu og náms við Háskólann í Reykjavík. Að frumkvæði námsráðs var sett saman framkvæmdanefnd til að hrinda tillögum námsráðs í framkvæmd. Hana skipuðu Dr. Guðmundur Sigurðsson, formaður námsráðs, Dr. Einar Hreinsson, forstöðumaður kennslusviðs, Ingibjörg Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi á Kennslusviði, Dr. Berglind Gísladóttir, lektor á menntavísindasviði HÍ og Erna Sigurðardóttir, nemandi við lagadeild og hagsmunafulltrúi Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.

Nefndin lagði til að útfærðar væru fjórar af tillögum námsráðs varðandi eftirlit með gæðum kennslu; mat á heimasíðu námskeiðs, kennslumat nemenda, sjálfsmat kennara og sérfræðingsmat. Jafnframt lagði nefndin til að þetta fyrirkomulag mats á gæðum kennslu yrði keyrt til reynslu í það minnsta tvær annir, til að tryggja áreiðanleika þess og laga mögulega hnökra á því sem fram geta komið. Á vorönn 2016 var tilraunaútgáfa af kerfinu reynd með hjálp nokkurra kennara og gaf það góða raun.

Rétt er að hafa í huga að kerfið er fyrst og fremst hugsað til að auka gæði kennslu og náms við HR á umbótamiðaðan máta. Markmið þessa fjölþætta mats á gæðum kennslu og náms er að fá þýði sem nýtist til umbóta á námi og kennslu við HR og þá um leið að styða við þá stefnu skólans að auka gæði náms og kennslu á næstu árum.

Gæðaúttektir Gæðaráðs íslenskra háskóla og nýtt gæðakerfi HR

Handbók Gæðaráðs íslenskra háskóla fyrir tímabilið 2017-2024 er það plagg sem verður haft til hliðsjónar við mat á gæðum háskóla næstu sjö árin. Þetta rit byggir að miklu leyti á nýlegum stöðlum sem öll aðildarlönd evrópska háskólasvæðisins hafa samþykkt, - European Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area – yfirleitt kallaðir ESG

Sú breyting hefur nú orðið á háskólastarfi hér á landi að það er ekki valkvætt að fylgja þessum stöðlum. Og fyrsta reglan í þessum stöðlum er að við skulum vera með kerfi fyrir eftirlit með gæðum náms og kennslu, - kerfi sem uppfyllir viss skilyrði. Rætt var um hvernig haga skyldi undirbúningsvinnu fyrir komandi úttektartímabil. Kennslusvið gerði grein fyrir vinnu við gæðakerfi náms- og kennslu sem staðið hefur yfir á kennslusviði sl. ár. Drög að nýju gæðakerfi fyrir HR hafa verið sent námsráði.

Endurskoðun námsreglna

Almennar náms- og námsmatsreglum eru ennþá talsvert prófamiðaðar, sem leiðir til þess að þær samrýmast ekki nægilega vel framtíðarsýn HR um aukna áherlsu á verkefna miðað nám. Formaður hefur farið yfir námsmatsreglurnar ásamt starfsmönnum Kennslusviðs og sent tillögur og athugasemdir til námsráðs.

Birting próftöflu

Send var fyrirspurn hvort að það væri möguleiki á að birta próftöflur fyrir en er gert t.d. í mars fyrir vorönn ár hvert. Það tekur með núverandi aðferðum alveg rosalega langan tíma að setja hana saman og afla allra þeirra upplýsinga sem þarf til að ganga frá henni en með nýju kennslukerfi ætti þetta að vera einfaldara og vonandi hægt að birta próftöflur í upphafi annar.

Starfsnám

Eftir umræður meðal stjórnarmeðlima SFHR um starfsnám innan skólans kom í ljós mikið ósamræmi milli deilda. Rebekka Rún, formaður SFHR, tók málið upp á Framkvæmda- stjórnarfundum HR og var í kjölfarið haldinn fundur með öllum deildarforsetum skólans og umsjónarmönnum starfsnáms innan hvorrar deildar. Þá sagði hver deild frá sínum ferlum og út frá því voru teknir saman þeir grunnferlar sem allar deildir gætu fylgt eftir. Hins vegar kom líka í ljós að ekki væri hægt að samræma alla ferla og aðgerðir milli deilda en hins vegar tækifæri til þess að bæta ferla innan skólans er varða starfsnám hjá öllum sviðum.

Prófnúmer í allar deildir

Eftir að athugasemd frá Stúdentafélaginu þá var tekin umræða á Námsráðsfundi um að innleiða prófnúmer í allar deildir skólans eins og er t.d. gert í öllum námskeiðum lagadeilar. Nemendur eiga að geta skilað verkefnum og prófum án þess að kennarar viti nafn þeirra, auk þess sem dæmatímakennarar að fara yfir verkefni hjá samnemendum sínum. Við búum í litlu samfélagi þar sem nemendur og kennarar þekkjast eða eru á einhvern hátt tengd. Ákveðið var að námsráðsaðilar færu í sitt bakland og ræddu stöðuna þar.

Hagsmuna- og gæðaráð í öllum deildum og fulltrúi nemenda á deildarfundum

Tilgangur allra nemendafélaga innan HR er fyrst og fremst að gæta hagsmuna og velferðar nemenda. Til þess að stuðla að upplýsingaflæði milli nemenda og stjórnenda auk þess að tryggja gæði í kennslu lagði SFHR meðal annars áherslu á að samræma verklag í hagsmunaráðum allra deilda. Slíkt gæðakerfi leiðir til samræmingar og betra skipulags og þar með nýtist kerfið til að ná betri árangri í öllum deildum sem skilar nemendum samkeppnisforskoti.

Erna, hagsmunafulltrúi SFHR, sá að mestu leiti um þetta verkefni og fundaði hún ásamt Rebekku Rún, formanni SFHR, með kennslusviði og hverjum og einum deildarforseta skólans þar sem farið var yfir hvernig fyrirkomulagið væri í hverri deild. Áður höfðu formenn nemendafélaganna svarað spurningum um samskipti þeirra við deildina. Þó má taka það fram að ekki var fundað með Ragnhildi deildarforseta lagadeildar þar sem umrætt fyrirkomulag væri nú þegar í lagadeild og þetta byggt á þeirri fyrirmynd.

Nú sitja allir formenn nemendafélaga á deildarfundum auk þess sem eftirfylgni við kennslumat er í öllum deildum þar sem haldnir eru fundir með fulltrúum nemenda bæði eftir miðannamat og eftir lokamat.

Kjallari

Eins og flestum nemendum Háskólans í Reykjavík var kunnugt, þá var löngu tímabært að uppfæra kjallara skólans. Margar ábendingar bárust til SFHR í hugmyndakassans og var því ákveðið að nýta hagnað síðastliðins starfsárs í endurnýjun á kjallaranum, enda tilheyrir kjallarinn Stúdentafélaginu. Keyptur var sófi, sjónvarp, PS4 tölva með öllu fylgjandi, uppfærð ýmis leikjaborð, keypt spil og taflborð, búið til kósýhorn með grjónapúðum, myndir límdar á veggina og ýmsir aukahlutir þar að auki keyptir.

Frakklandsferð

Alþjóðaskrifstofa HR veitti tveimur stjórnarmeðlimum Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík styrk til þess að heimsækja skólann IESEG School of Management í Frakklandi. Skólinn er bæði í París og í Lille en á báðum stöðum er International club fyrir skiptinema. Rebekka Rún, formaður, og Erna Sigurðardóttir, hagsmunafulltrúi, fóru fyrir hönd SFHR og heimóttu skólann bæði í París og Lille. Skólinn er einn stærsti alþjóðlegi skóli Frakklands og var tilgangur ferðarinnar var því einna helst að sjá hvernig skólarnir sem við heimsóttum taka á móti erlendum nemendum, hvernig samskiptum þeirra er háttað og hvernig erlendu nemendurnir geta tekið virkan þátt í hagsmuna- og félagslífi skólans. Erlendir nemendur koma til Íslands í auknum mæli til þess að stunda nám við HR. Bæði í skiptinámi og í fullt nám (e. full time students) en um 200 nemendur koma í skiptinámi á haustönn, um 80 á vor önn og um 80 eru í fullu námi. Stúdentafélagið er hagsmunafélag allra nemenda og vill tryggja að erlendir nemendur nái að kynnast Íslendingum og íslensku samfélagi á meðan þeir dveljast hér á landi, geti tekið þátt í félagslífi í HR og samskiptaleiðir við Stúdentafélagið hvað varðar hagsmunamál þeirra séu eins greiðar og fyrir aðra nemendur skólans.

Í dag er SFHR ekki með sérstaka undirnefnd sem heitir Alþjóðanefnd en erum þó með einn tengilið í School of Energy þar sem flestir erlendir nemendur eru í námi. ESN hefur hingað til séð um alla skiptinema á Íslandi hvort sem þeir eru í HR eða öðrum skóla. Hins vegar er Stúdentaráð Háskóli Íslands með alþjóðanefnd.

Í skólunum var sérstök alþjóðanefnd, International club, fyrir erlenda nemendur og er nefndin í miklu sambandi við Alþjóðaskrifstofu skólans. *Orientation* vikan hjá þeim stendur yfir í 5 daga og eru innlendir nemendur skólans með í allri vikunni. Samskiptin fóru að mestu leiti fram á séstökum Facebook hópum en auk þess var nefndin með skrifstofu við hliðina á inngangi skólans sem var mjög aðgengileg og heimsóknir þangað því mjög tíðar.

Eftir ferðina voru gerðar lagabreytingar er varða Alþjóðanefnd SFHR sem hefur verið fjallað um fyrr í skýrslunni. Auk þess var lagt enn meiri áherslu á því að allt útgefið efni Stúdentafélagsins væri bæði á íslensku og ensku og hvatt önnur nemendafélög til að gera slíkt hið sama. Auk þess borgaði SFHR fyrir þýðingu á öllum greinum Háskólablaðsins en Alþjóðaskrifstofa HR ákvað að borga helminginn í þeim kostnaði. Þá var einnig sett markmið að efla tengsl við ESN á Íslandi, hafa varaformann SFHR í öllum Facebook hópum fyrir erlendu nemendur skólans og hafa skipulagðar ferðir fyrir erlenda nemendur. Auk þess lagði SFHR til að skólinn myndi auka framlag til félagsins til þess að koma til móts við þann kostnað sem fer í þýðingar á textum og auka viðburðum sem var samþykkt í lok annar.

Kosningar og kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR, aðildarfélaga og í ritstjórn Háskólablaðsins Hróðurs fóru fram 13. - 16. mars 2017. Úrslit voru kynnt í stofu M101 fimmtudagskvöldið 16. mars kl 19:00.

Kjörstjórn árið 2016-2017 skipuðu:

- Íris Björk Snorradóttir (SFHR), iriss14@ru.is
- Assa Þorvarðardóttir (Mentes), assa15@ru.is
- Ívar Sveinn Loftsson (Pragma), ivar15@ru.is
- Valgeir Þórðarson (Markaðsráð), valgeirt15@ru.is
- Magnús Gunnarsson (Tvíund), magnus@tviund.com
- Svana Birna Pétursdóttir (Atlas), svanfridur15@ru.is
- Birta Sif Arnadóttir (Lögrétta), birta14@ru.is

Kærufnd árið 2016-2017 skipuðu:

- Erna Sigurðardóttir
- Elísabet Erlendsdóttir
- Magnús Þorsteinsson
- Kristinn Guðmundsson, varamaður
- Viktor Þór Grönfeldt Steinþórsson, varamaður

Atlas

55 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Birgir Viktor Hannesson: 93.6% Auð atkvæði: 6.4%
Varaformaður	Jóhannes Diego Rodriguez: 93.8% Auð atkvæði: 6.2%
Ritari	Sóley Guðmundsdóttir: 97.9% Auð atkvæði: 2.1%
Gjaldkeri	Elín Jónsdóttir: 93.6% Auð atkvæði: 6.4%
Skemmtanastjóri	Hallgrímur Heimisson: 93.6% Auð atkvæði: 6.4%

Lögrétta

132 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Eva Rós Haraldsdóttir: 83.8% Auð atkvæði: 16.2%
Varaformaður	Iðunn Berta Magnúsdóttir: 84.8% Auð atkvæði: 15.2%
Gjaldkeri	Bjarki Karlsson: 85.9% Auð atkvæði: 14.1%
Ritstjórn Tímarits Lögréttu (Listakosning)	Kristján Óli (formaður), Berglind, Davíð og Hjalti Jón: 94.6% Auð atkvæði: 5.4%
Skemmtinefnd (Listakosning)	María Ellen (formaður), Anna Katrín, Kolbrún Kristín og Sigurbjörg Ósk: 91.2%
Málfundafélag (Listakosning)	Páll Magnús(formaður), Hrannar Bragi, Anna Ýr og Hrafnhildur: 90.1% Auð atkvæði: 9.9%

Markaðsráð

234 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Ólafur Freyr Ólafsson: 40.9% Þorgeir Örn Tryggvason: 27.9% Eygló María Björnsdóttir: 26.9% Auð atkvæði: 4.3%
Varaformaður	Leó Snær Emilsson: 49.3% Njáll Skarphéðinsson: 26.5% Auð atkvæði: 24.2%
Gjaldkeri	Ída Guðrún Atladóttir: 85.9% Auð atkvæði: 14.1%
Formaður skemmtinefndar	Berglind Einarsdóttir: 53.2% Skafti Þorvaldsson: 30.9% Auð atkvæði: 15.9%
Formaður málfundafélags	Hjördís Sveinsdóttir: 85.1% Auð atkvæði: 14.9%
Formaður Hagfræðifélags	Hörður Guðmundsson: 80.2% Auð atkvæði: 19.8%

Mentes

114 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Varaformaður	Hlynur Már Heimisson: 66% Stefanía Ýr Stefánsdóttir: 26% Auð atkvæði: 8%
Gjaldkeri	Viktor Orri Emilsson: 92% Auð atkvæði: 8%
Skemmtanastjóri	Brynja Birgisdóttir: 90% Auð atkvæði: 10%

Pragma

Engin framboð bárust í stjórn Pragma.

Tvíund

240 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Sigurður Jónsson: 73.6% Auð atkvæði: 26.4%
Gjaldkeri	Smári Björn Gunnarsson: 69.8% Auð atkvæði: 30.2%
Skemmtanastjóri	Hinrik Helgason: 77.2% Auð atkvæði: 22.8%
Upplýsingafulltrúi	Ketill Antoníus Ágústsson: 76.5% Auð atkvæði: 23.5%
Hagsmunafulltrúi	Sigurður Marteinn Lárusson: 76.3% Auð atkvæði: 23.7%
Fulltrúi í skemmtinefnd (2 stöður)	Darri Valgarðsson: 75% Jón Þór Guðjónsson: 75% Auð atkvæði: 25%

SFHR

885 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Sonja Björg Jóhannsdóttir: 22.8% Viktoría Vasilynka Alfreðsdóttir: 19.5% Andri Ingason: 18.3% Jóhanna Wium Pálmarsdóttir: 18.3% Birgir Hlynur Guðmundsson: 6.1% Auð atkvæði: 15%
Varaformaður	Emil Robert Smith: 80.5% Auð atkvæði: 19.5%
Gjaldkeri	Auður Erna Pétursdóttir: 83.4% Auð atkvæði: 16.6%
Hagsmunafulltrúi	Erna Leifsdóttir: 82.4% Auð atkvæði: 17.6%
Upplýsingafulltrúi	Salka Sigurðardóttir: 61.2% Friðbert Þór Ólafsson: 21.5% Auð atkvæði: 17.3%

Hróður

Engin framboð bárust í ritstjórn Hróðurs.